

☒ Re: 2017100040 - umsagnarbeiðni vegna tillögu um verndarsvæði í byggð, Eyrin

Búið til	6.10.2022 13:22:36
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.10.2022 13:22:35
Tilheyrir	 202208-0031 - Umsagnarbeiðni vegna tillögu um verndarsvæði í byggð, Eyrinni í Skutulsfirði.

Efni

Re: 2017100040 - umsagnarbeiðni vegna tillögu um verndarsvæði í byggð, Eyrin

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	6.10.2022 13:22:35	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	helgathuridur@isafjordur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,
Tilvísun í mál nr. 202208-0031 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Ísafjarðarbæ, dags. 25. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu verndarsvæðis í byggð á Eyrinni í Skutulsfirði, skv. 4. mgr. 5.gr. laga nr. 87/2015.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin með tillögunni og telur áformin lítið tengjast verksviði Náttúrufræðistofnunar nema sá þáttur er varðar verndun upprunalegrar fjöru við Neðstakaupstað. Þau verndaráform eru mjög jákvæð að mati Náttúrufræðistofnunar en að öðru leyti hefur stofnunin engar athugasemdir eða ábendingar við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



From: "Helga Þuríður Magnúsdóttir" <helgathuridur@isafjordur.is>
To:
CC: "halldora@alta.is" <halldora@alta.is>; "Skipulag" <skipulag@isafjordur.is>
Subject: 2017100040 - umsagnarbeiðni vegna tillögu um verndarsvæði í byggð, Eyrin
Date: 25.8.2022 12:09:37

Góðan daginn.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, þann 15. ágúst 2022, í sumarleyfi bæjarstjórnar, var samþykkt að auglýsa tillögu verndarsvæðis í byggð á Eyrinni í Skutulsfirði, skv. 4. mgr. 5.gr. laga nr. 87/2015.

Svæðið sem lagt er til að verði gert að verndarsvæði í byggð er á Skutulsfjarðareyri í þéttbýli Ísafjarðar. Afmörkun þess nær annars vegar til innri hluta byggðarinnar á Eyrinni og hinsvegar til svæðisins sem umkringir Neðstakaupstað á Suðurtanga. Afmörkun verndarsvæðisins miðast við lóðarmörk. Svæðinu má einnig skipta gróflega í þrennt eftir gömlu verslunarstöðunum sem þau tengjast; **Neðstakaupstað, Miðkaupstað og Hæstakaupstað.**

Ísafjörður er einn af elstu kaupstöðum landsins og þar hafa varðveist samstæðar heildir bygginga sem eru með þeim elstu á landinu öllu. Svipmót gömlu byggðarinnar á Eyrinni hefur jafnframt ómetanlegt sögulegt gildi sem vitnisburður um mótandi straua í þéttbýlismyndun á Íslandi. Varðveislugildi byggðarinnar er metið hátt út frá gildi byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, uppruna og ástands.

Mikilvægt er að vernda sérstöðu gömlu byggðarinnar á Eyrinni þannig að úr henni megi áfram lesa sögu þéttbýlismyndunar Ísafjarðar. Einnig skiptir máli að áfram verði hægt að njóta þess fallega umhverfis sem hún skapar og vinna með söguna á skapandi hátt til umhverfismótunar. Á sama tíma þarf að tryggja að byggðin haldi áfram að vera lifandi íbúarbyggð með fjölbreyttri starfsemi þar sem verndun og uppbygging fer saman.

Tillagan ásamt greinargerð liggur frammi á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, **til og með föstudagsins 7. október 2022.**

Umsögn óskast send á netfangið skipulag@isafjordur.is (mailto:skipulag@isafjordur.is) eða bréfleiðis á Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði fyrir þann tíma.

Nálgast má tillöguna, greinargerðina og uppdætti hér (<https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/umhverfi/verndarsvaedi-i-byggd>) á heimasíðunni.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsfulltrúa

Helga Þuríður Magnúsdóttir
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði
(<http://www.isafjordur.is/>) Ísafjarðarbær
450 8000 (tel:+3544508000) - www.isafjordur.is (<https://www.isafjordur.is>)

Ísafjarðarbær hefur hlotið jafnlaunavottun (<https://www.isafjordur.is/is/moya/news/isafjardarbaer-hlytur-jafnlaunavottun>) og silfurvottun EarthCheck (<https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/umhverfi/earthcheck>). Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer. (<https://www.isafjordur.is/is/moya/page/fyrirvari-um-medferd-tolvuposts-sem-berst-fra-isafjardarbae>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)

